


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins. Þingskjal 120 – 120. mál.

Félag fornleifafraeðinga telur þessa tillögu til þingsályktunar ákaflega vandaða og vel gerða.

Kjarni málsins er langvarandi vanfjármögnun minjaverndar á Íslandi. Fornminjasjóður er eini sjóðurinn sem úthlutar sérstaklega til fornleifaverndar og grunnrannsókna. Hann er mikilvægur til þess að stuðla að nýsköpun í fornleifafraeði og stendur undir kraftmikilli verðmæta- og þekkingasköpun í íslenskri minjavernd. Sjóðurinn er því mikilvægur minjavörslu í landinu enda skipta grunnrannsóknir höfuðmáli; því við getum við ekki verndað eitthvað án þess að vita eitthvað um hlutinn sem við ætlum að vernda. Staðir eins og Þingvellir öðluðust t.d. aðeins þann sess sem þeir hafa í dag þökk sé rannsóknum fornfræðinga og fornleifafraeðinga.



Tafla 1. Fjármagn til Fornminjasjóðs frá stofnun hans 2013.
Heimild: *Minjavernd Staða, áskoranir og tækifæri*, bls. 64.

Fornminjasjóður er samkeppnissjóður og er úthlutun úr honum byggð á faglegu mati Fornminjanefndar. Sjóðurinn er hins vegar skammarlega lítill (sjá töflu 1) og er meðalfjárhæð styrkja úr honum rétt um 2 milljónir á ári. Fyrirsjáanleiki er lítill sem enginn og hefur Félag fornleifafraeðinga og fleiri þurft að leita á náðir fjárlaganefndar til þess að ná algjöru lágmarki fjármagns inn í sjóðinn enda hafa fjárveitingar til hans úr ríkissjóði

staðið í stað eins og kemur skýrt fram í töflu 1. Eins og staðan er í dag þarf að bæta verulega við fjármagni til Fornminjasjóðs, fornleifafræði og bátaarfi til mikilla heilla.

Fjárhæðir Fornminjasjóðs eru svo lágar að það er augljóst að þær nái ekki fjármagna nema örsmáar vísindalegar rannsóknir sem kalla á vettvangsvinnu á landsbyggðinni. Nær öll upphæðin fer í gistingu eða ferðakostnað og því lítið fjármagn til þess að sinna sjálfum grunnrannsóknunum, enda er Ísland langt á eftir nágrannaþjóðum hvað það varðar. Hér á landi vitum við enn sem komið er mjög lítið um ástand og hættumat íslenskra fornleifa, þ.m.t. báta og skipa sem og aðrar sjóminjar (t.d. verbúðir) sem eru þó margar óðum að hverfa vegna mikils landbrots. Það er óviðunandi staða. Stórefla þarf því fjárveitingar til Fornminjasjóðs svo hægt sé að sinna bátaarfi og fornleifavernd miklu betur en gert er í dag. **Öflugri grunnrannsóknir fjármagnaðar af Fornminjasjóði leiða til betri gæða þeirra upplýsinga sem við getum kynnt almenningi sem getur ýtt undir betri verndun minja.** Það á jafnt við um fornleifarannsóknir og viðhald á bátaarfi Íslendinga. Viðvarandi undirfjármögnun málaflokksins veldur sömuleiðs því að afrakstur þeirra rannsókna sem þó eiga sér stað skilar sér seint, illa eða alls ekki til þeirra sem borga brúsann – skattgreiðenda og neytenda.

Virðingarfyllst,
Gylfi Helgason, f.h. stjórnar Félags fornleifafræðinga